



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Miðborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
2.1 Innra mat	5
2.2 Ytra mat	6
2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	7
3 Innra mat, Hæð.....	9
3.1 Endurmat 2022-2023.....	9
4 Innra mat, Skeljadeild.....	11
4.1 Endurmat 2022-2023.....	11
5 Innra mat, Kuðungadeild	12
5.1 Endurmat 2022-2023.....	12
5.2 Umbótaþættir fyrir 2023-2024.....	13
6 Innra mat, Krossfiskadeild	15
6.1 Endurmat 2022-2023.....	15
7 Innra mat, Regnbogaland	16
7.1 Endurmat apríl 2022-2023	16
7.2 Umbótaþættir 2023-2024	17
8 Innra mat, Krílakot.....	18
8.1 Endurmat.....	18
8.2 Umbótaþættir 2023-2024	19
9 Innra mat sérkennslu.....	21
9.1 Mat á sérkennslu 2022-2023	21
9.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	22
10 Innra mat – fjöltyngd börn	24
10.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023	24
10.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024	25

11	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	27
12	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
13	Foreldrasamvinna.....	27
14	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
15	Fylgigögn.....	30
15.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	30

Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að vinna að sameiginlegri námsskrá fyrir allar starfstöðvar leikskólans. Þrátt fyrir að frestað yrði byggingu á nýju leikskólahúsnæði fyrir Miðborg var ákveðið að halda áfram vinnunni og stefnt er að því að námsskrá lýti dagsins ljós í sumar.

Sökum innivistar og annara ágalla var ákveðið að hætt yrði leikskólastarfsemi í húsnæði leikskólans við Njálsgötu 9-11 þegar elsti árgangur skólans, sem nýtir núna húsið, færi í grunnskóla. Á komandi mánuðum er áætlað að leikskólinn fái til afnota nýja ævintýraborg sem mun rísa á bílplani Vörðuskóla. Miðborg verður því áfram einn leikskóli í þremur húsum.

Ráðningar gegnu hægt og ekki náðist að full manna leikskólann. Að þeim sökum var ekki hægt að fyll nýta rekstrarleyfi leikskólans. Miðborg býr að fjölbreyttum starfsmannhópi og þó nokkuð af faglærðu fólki. Einn starfsmaður er í leikskólakennarafræðum og tveir hafa sótt um að hefja nám í leikskólakennarafræðum í haust. Einnig ætlar einn starfsmaður að bæta við sig viðbótardiplómanámi í farsæld barna.

Unnið var að því að starfsfólk kynntist betur á milli starfstöðva með ýmsum viðburðum en ber þó hæst námsferð til Brighton sem var farin í maí. Þar var skoðað útileikskóli, fjölskyldumiðstöð og almennur leikskóli með börn frá 3 til 11 ára. Þetta var einstök ferð er varðar kveikjur fyrir starfsfólk í starfi með börnunum og einnig sem hópefli fyrir leikskóla í þremur húsum.

Vala.is er nú notuð markvisst á öllum deildum leikskólans sem samskiptatæki við foreldra, auk inn og út skráningu.

Vinna með tæknikistuna frá Mixtúru og Lubbi hefur haldið áfram.

Bók barnsins fá öll börn sem byrja í Miðborg. Bókin er á forsendum barnsins og á að endurspegla tíma barnsins í leikskólanum, þegar ein bókin fyllist af myndum, skráningu og verkum fær barnið nýja bók.

Undan farin ár hefur verið lögð megin áhersla á Læsi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar, ákveðið var að halda þeirri vinnu áfram.

Leikskólinn hlaut styrk úr Sprotasjóði og mun leikskólinn vinna að verkefni sem leggur áherslu á að efla starfshætti í aðlögun barna í leikskólanum.

Starfsdagar voru nýttir m.a. í fræðslu tengda yngstu börnum leikskólans, flæði, fjölmenningu, slysavarnir og upphaf af vinnu að tungumálastefnu leikskólans.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Innra mat

Á síðasta starfsári var lagt upp með að auka tengsl deildarstjóra með vikulegum deildarstjórafundum þar sem megin áherslan var að skapa sameiginlega sýn innan stjórnendateymisins. Þetta fyrirkomulag stóðst alla jafna og urðu deildastjórafundirnir vettvangur umræðu bæði á faglegum nótum og praktískum.

Unnið var jöfnum höndum að sameiginlegri faglegri sýn og hófst gerð að námskrá fyrir Miðborg markvisst í janúar og er stefnt að útkomu hennar á sumarmánuðum.

Stefnt var að því að auka heimsóknir og samvinnu milli starfsstöðva. Það var þó nokkuð um það að hópar af deildum fóru í ferð á aðra starfsstöð. Þetta var liður í því að efla hugsunina um að við erum einn leikskóli í þremur húsum. Það sem var þó rúsinan í pylsuendanum í að efla samheldni og starfsánægju í starfsmannahópnum var námsferðin til Brighton.

Flæði var í fókus hjá okkur á síðasta starfsári og þá hlutverk kennarans í flæðinu. Við fengum til okkar starfsmann af Rauðhóli sem ræddi við okkur um hvernig þau vinna með flæðið og hvernig hlutverk kennarans er. Auk þess sem flæðið og hlutverk kennarans var oft umræðu efni á fundum, deildarstjóra og deildarfundum.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Læsi í leikskólum, þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi.	Gátlisti menntastefnu Reykjavíkurborgar (MR) fyrir deildir	Starfsmenn	Við erum komin mjög vel á veg með að innleiða læsi MR. Málörvun og málfyrirmyndir, efniviður og bækur aðgengileg eru okkar styrkleikar. Tækifæri til umbóta: gera tölur sýnilegri á deildum og gera notalegri aðstöðu fyrir lestrarstundir. Einnig að gefa börnunum fleiri tækifæri á að koma fram.

2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun starfsfólks	Rafræn spurningarkönnun á vegum Reykjavíkurborgar	Starfsfólk Miðborgar	Helstu styrkleikar er fjölbreytileikinn, jafnrétti og sjálfstæði í starfi. Það sem þarf að bæta er vinnuskilyrði, loftgæði og lýsing.

2.3 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig og hvenær metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Deildarstjóra r	Efla deildarstjóra sem stjórnendur og faglega leiðtoga.	Nýta fundi og samtöl í umræðu um hlutverk deildastjóra sem daglega verkstjóra deildar	Leiskólastjórar og deildarstjórar	Hau st 2023	Vor 2024	Umræðumat	Sjá aukið sjálfstæði og frumkvæði innan stjórnenda hópsins
Móttaka nýliða	Útbúa móttöku áætlun fyrir nýtt starfsfólk í Miðborg	Útbúa starfsmannahandbók og hafa fundi með nýju starfsfólki þar sem starfsemi leikskólans er kynnt	Leikskólastjórar	Hau st 2023	Vor 2024	Handbók og fundarpakk i tilbúinn að tímabili loknu	Ef handbók og fundarpakki er nýttur með nýju starfsfólki
Uppeldis- og menntastarf							
Aðlögun	Efla starfshætti í aðlögun í Miðborg	Með fræðslu og umræðu	Leiskólastjórar ásamt stjórnendateymi	Hau st 2023	Vor 2024	Umræðumat stjórnenda og teymi sem tengist verkefninu	Að allir átti sig á mikilvægi sínu í aðlögun bæði barna og foreldrar
Læsi	Klára að innleiða læsis stefnu menntastefnu	Að umbætur verði í þeim þáttum sem efla má samkvæmt niðurstöðum	Stjórnendateymið	Hau st 2023	Vor 2024	Gátlisti M.R. verði nýttur til glöggvunar	Aukning verði á að viðmiðgátlistans verði

	Reykjavíkurborgar	úr gátlista M.R.					svarað með 5
Námsskrá leikskólans	Ný námsskrá lýti dagsins ljós og verði gefin út.	Ný námsskrá lýti dagsins ljós og verði gefin út í tölvutækuformi og plaggötum	Leikskólastjórar ásamt verkefnastjóra námsskrágerðar	Haut 2023	Vor 2024	Námsskráin útgefin og plaggötin prentuð	Námsskráin útgefin og plaggötin prentuð
Mannauður/Leikskólabragur							
Fréttabréf	Fréttabréf frá leikskólastjórum	Auka upplýsingaflæði frá leikskólastjórum til foreldra með fréttabréfi annan hvern mánuð	Leikskólastjórar	Haut 2023	Vor 2024	Að fréttabréf frá leikskólastjórum verði sent rafrænt til foreldra í gegnum Völu annan hvern mánuð.	Foreldrar upplýstar um gang mála innan leikskólans
Tengja starfsstöðvar	Efla samvinnu milli starfsstöðva	Að samvinna sé milli deilda með tvo elstu árganga leikskólans. Hittingar og sameiginlegar ferðir	Leikskólastjórar og deildastjórar elstu deilda	Haut 2023	Vor 2024	Gögnum safnað um skipulagða hittinga árganganna	Börn í elstu árgöngum leikskólans þekkjast
Innra mat							
Gátlistar menntastefnu Reykjavíkurborgar	Ákveðnum þáttum í gátlistanum svarað sem hluta af innra mati	Á vorönn svara deildarstjórar ásamt starfsfólki deildar gátlistanum	Stjórnendateymi	Vor 2024	Vor 2024	Farið yfir svör frá deildum á vori 2024	Starfsfólk og stjórnendur meðvitaðir um hvers er ætlast til af því.

3 Innra mat, Hæð

Síðustu ár hafa elstu börnin í Miðborg verið í starfsstöð okkar við í Njálsgötu 9-11 og nú síðustu árin verið ein deild með tveimur deildarstjórum, deildin heitir Hæð. Á Hæð voru þennan veturinn börn fædd 2017 og þar dvöldu að jafnaði 30 börn.

Unnið er að sjálfsefningu í gegnum leik og verkefni. Unnið er út frá áhugasviði barnanna og eru þeim leikskólans notuð sem kveikjur fyrir verkefni með börnunum og til að vinna í samfélagsfræði. Dagskipulagið miðast við að efla börnin, sjálfstæði þeirra, frumkvæði, félagsfærni og sjálfsaga.

Í starfinu er notast við opinn efnivið eins og kubba, leir, pappa, vatn, málningu, liti o.fl. opinn efniviður býður ekki upp á fyrir fram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum.

Markmið okkar á Hæð er að þegar börn útskrifast frá okkur hafi þau sterka sjálfsmynd, séu félagslega sterk ásamt því að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Starfsfólkið okkar hefur þróað þekkingu sína og færni í að vinna með fjölmenningslegt leikskólustarf til dæmis í gegnum verkefnið *Töfrandi tungumál*.

Eftir þetta starfsár mun starfsstöð okkar við Njálsgötu 9-11 verða lokað sökum slæmrar innivistar og að húsnæðið þykir ekki hæfa nútíma leikskólustarfsemi. Að þeim sökum hafa ekki verið gerðir umbótaþættir fyrir næsta skólaár fyrir Hæð.

3.1 Endurmat 2022-2023

Umhverfislæsi, að þekkja og meta hverfið okkar og nánasta umhverfi.

Gekk ágætlega og fórum við í margar skipulagðar ferðir í hópum. Við fórum oftast með helming vegna fjölda barna svo ferðirnar voru mannaflsfrekar en það gekk oftast vel. Við fundum það fljótt að betra var að fara með minni hópa því þá fengu allir meira út úr ferðunum.

Við heimsóttum meðal annars, Grasagarðinn og plöntuðum þar laukum, Náttúruminjasafnið í Perlunni, Þjóðminjasafnið, Sjóminjasafnið, Hörpu, Ráðhúsið, Árbæjarsafnið og svo voru farnar ýmsar styttri ferðir í nágrenni skólans, þar sem allskyns ævintýri voru elt uppi.

Í þessum ferðu fengum við að njóta allskonar menningar tengdra upplifana, okkur öllum til yndisauka og lærdóms.

Almenn ánægja hefur verið með ferðirnar, í barna hópnum og vel fylgst með dagskránni af þeim, samstarfið við allar þessar stofnanir hefur verið með eindæmum gott og allt viðmót einstakt. Við ætlum að leggja áherslu á styttri menningarferðir um nánasta umhverfið nú þegar sumarið gengur í garð.

Sköpun, ýta undir sköpun í öllu starfi og leik.

Við tókum í gegn aðstöðu til skapandi vinnu í haust og gerðu efniviðinn aðgengilegri fyrir börnin. Mikið hefur verið brasað með allskonar efnivið og verkefni í vetur. Við erum öll sammála um að allt sem tengist sköpun hafi gengið afar vel. Börnin ófheimin við efniviðinn og sjálfstæði í nálgun sinni að efniviðnum. Þau hafa líka verið öflug í að flokka það heima sem hægt væri að nýta í skapandi starf í leikskólanum og hafa verið dugleg að koma með allskyns efnivið að heiman.

Við höfum unnið eftir hugmyndafræðinni um Flæði og finnst okkur það hafa haft áhrif til góðs og eflt þau í sjálfstæðum vinnubrögðum og allri sköpun. Það á einnig við um allt byggingarstarf þar sem við erum með aðgengi að allskyns byggingarefni í mismunandi stærðum og gerðum. Úti hafa þau unnið mikið með vatn og snjó, þar sem við höfum gott aðgengi að rennandi vatni og er útivera mjög vinsæl hjá stórum hópi barnanna okkar. Allskyns skemmtileg verkefni hafa verið í gangi til að mynda stíflugerð, vatnsleikir, snjómyndir, gróður setningar, ræktun frá fræi og fleira og fleira. Allir sammála um að veturinn hafi verið gjöfull í allri sköpun.

Umgengni, Að allir gangi vel um skólann okkar bæði úti og inni og að við sýnum nágrönnum okkar og okkur öllum sem deilum rými virðingu og tillitsemi.

Það hefur verið á brattan að sækja, svo það sé sagt, umgengni mætti í flestum tilfellum bæta þá sér í lagi gagnvart bókum og leikföngum. Tiltekt hefur almennt gengið vel og flestir fljótir að bregðast við þegar tiltektar kallið kemur. Það er að okkar mati mjög mikilvægt að starfsfólk sé til staðar og leiðbeinandi í umgengni og tiltekt. Að starfsfólk bregðist við þegar þau sjá slaka meðferð á t.d. leikföngum og bókum, það má alltaf gera betur.

Markviss málörvun, efla orðaforða og áhuga á tungumálinu.

Það hefur gengið á ýmsu hjá okkur í vetur, við þurftum að breyta hópum því það var mjög breytt getustig í barnahópnum. Það tók nokkrar vikur að finna réttu hópana, það gekk þokkalega að halda dampi og eru allir sammála um mikilvægi þess að daglega sé lesið fyrir börnin. Við þurftum að flytja tímabundið úr leikskólanum, svo það kom smá gap þar sem við vorum ekki með lesstundir eftir hádegismatinn. Við fundum að það gerði daginn erfiðari því fátt er betra en að hlusta á góða sögu í dagsins önn, en það var tekið upp aftur og hefur gengið vel. Við vorum með daglegar samverustundir þar sem við sungum og lærðum allskonar ný lög, aðal lagið sem notið hefur mikilla vinsælda er lagið á Sprengisandi sem er stútfullt af skemmtilegum orðum t.d. yfir hesta og hægt að vinna með á ýmsa vegu. Tekið var HLJÓM 2 á hópnum í vetur og vegna fjölda barna með annað móðurmál en íslensku notuðum við Að gefa 10 kerfið, til að ýta undir íslenskukunnáttu barnanna. Hæfniramar voru líka notaðir til að meta stöðu barna af erlendum uppruna í íslensku.

Tækifæri til umbóta

Gott er að hafa lykilpersónu sem tekur á móti nýjum börnum og foreldrum. Við höfum upplifað í vetur að það að taka á móti börnum á miðjum vetri, og jafnvel börn sem hafa aldrei inná leikskóla komið, kallar á nýja nálgun sem þarf að skoða vel fyrir komandi haust.

4 Innra mat, Skeljadeild

Skeljadeild er ein af þremur deildum í starfsstöð okkar við Lindargötu 26. Síðast liðinn vetur voru að jafnaði þar 19 börn á aldrinum 3-5 ára á deildinni. Lögð hefur verið mikil áhersla á íslensku, enda mörg börn á deildinni tví- og fjöltýngd, einnig er áhersla á flæði í leikskólanum og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Deildin er vel útbúin leikfangakosti og allskyns efnivið og er rýmið skemmtilegt og býður upp á mikla möguleika. Miklar mannabreytingar munu eiga sér stað á Skeljadeild fyrir komandi haust og því ákveðið að búa ekki til umbótaþætti fyrir komandi vetur fyrr en nýr deildarstjóri tekur við.

4.1 Endurmat 2022-2023

Við leggjum mikið upp úr að vera góðar málfyrirmyndir og nýta íslenska tungumálið í samskiptum. Við vorum með samverustundir nær á hverjum degi þar sem börnin fengu tækifæri til að tjá sig um ýmis efni.

Mikil áhersla var lögð á að bæði lög eða bækur væru myndræn. Þetta gerði öllum börnunum kleift að læra lögin og skilja sögurnar betur.

Flest alla daga var börnunum skipt upp í litla hópa þar sem lögð var áhersla á þátttöku og samskipti bæði barna og kennara.

Flestum markmiðum var náð, þó eru tækifæri til umbóta:

Lubbastund: Við höfum ekki náð að skipuleggja Lubbastund eins vel og við vildum. Helsta orsökina var vegna samskiptaleysis starfsmanna á deild og að áætlun vantaði.

Tækifæri til úrbóta: Núna höfum við skipulagt þetta betur og höldum verkefninu áfram.

Deildarfundir: Það var lítið um deildarfundir framan af vetri.

Tækifæri til úrbóta: Höldum áfram með þann umbótaþátt að hafa deildarfundir skipulagða sem leiðir til þess að samhæf vinnubrögð verði og aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks.

5 Innra mat, Kuðungadeild

Kuðungadeild er ein af þremur deildum í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Þar eru 16 börn á aldrinum 2 til 3 ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er á þekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

5.1 Endurmat 2022-2023

Kuðungadeild byrjaði skólaárið með alveg nýjum barnahóp og 2 nýjum kennurum. Barnahópurinn var yngri en hafði verið áður hjá okkur, einnig afar blandaður hvað varðar fjölmenningu og meirihluti barnanna eru með íslensku sem annað mál. Þetta breytti allri hugsun um umbótaáætlun sem var gerð fyrir árið og þurftum við endurmeta allt í tengslum við hana. Aðlögun á deildinni tók mun lengri tíma en við höfum vanist á deildinni síðastliðin 4 ár og fengum við inn auka starfsmann til að aðstoða okkur. Við höfum séð miklar framfarir í hópnum og sérstaklega í félagslega þættinum, þar sem börn hafa byrjað yfir allan veturinn og börnin hafa verið alveg ótrúlega góð í að taka þau inn í hópinn og aðstoða þau við að verða hluti af hópnum.

5.2 Umbótaþættir fyrir 2023-2024

UMBÓTAÞÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tungumál	Efla íslenska tungumálið þá sérstaklega fyrir börn af erlendum uppruna	Með samverustundum, Lubbastund og setja orð á daglegar athafnir. - lestur - myndmál	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Sep 2023	Maí 2024	Deildarfundir, Dagbók, hugakort, góð samskipti milli starfsfólks.	Markvissari og faglegri vinnubrögð. Allir séu í takt.
Matartími	Að auka umræðu um matinn sem við borðum og áhuga á honum þar með.	Við viljum í samstarfi við eldhúsið fara yfir hvað erum við að borða á hverjum degi í samverustund fyrir hádegismatin. T.d. hvað er í salatinu, úr hverju er sósan og hvaða krydd eru notuð. Einnig hvaða áferð, lykt og bragð er af matnum.	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	Sep 2023	Maí 2024	Umræðumat, taka alltaf 5-10 mín á deildarfundum til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	Hvort þau hafi aukið orðaforðu sinn um mat og skilning á mat
Foreldrakaffi	Að bjóða foreldra inn á deildir til að sjá hvað er að gerast þar og gefa foreldrum tækifæri á	Einu sinni í mánuði bjóðum við á deildinni í kaffi, frá t.d. kl 15	Allir á deildinni	Okt 2023	Maí 2024	Umræða á deildarfundum	Samtal við foreldra og starfsfólk um hvernig gengið hefur og hvort þau hafi haft

	að tala saman sín á milli						gagn og gaman af.
Samverustund	Að öll börnin fá tækifæri til að tjá sig í samverustund og hlusta á félag sína í hópnum.	Að í hverri samverustund er barn valið til að vera aðstoðarmaður samverustundar, sem getur falið í sér að fara yfir á töflu á veggnum hvaða dagur, mánuður og hvernig veðrið er úti og hvað þurfum við klæðast ef við förum út. Og svo verður söngur, nafnakall	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	Sep 2023	Maí 2024	Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	Að öll börnin hafa haft möguleika á að taka þátt og tjá sig á sinn hátt í samverustund.
Lubbastund	Íslensku málhjóðin, efla hljóðkerfisvitund hjá börnunum	Málhjóðin eru kynnt með stuttri sögu, vísu og líka með hreyfingum sem tengjast hverju hljóði.	Jóhanna mun sjá aðallega um Lubbastund ásamt aðstoð frá öðrum á deildinni.	Sep 2023	Maí 2024	Umræðumat, á deildarfundum að taka alltaf 5-10 mín til að ræða hvernig gengur og skrifa niður.	Eru börnin að segja hljóðin, læra þau táknið og geta þau sungið lögin

6 Innra mat, Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er ein af þremur deildum í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Á deildinni voru mest 10 börn á aldrinum 1-2 ára þetta leikskólaárið. Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfseflingu aðallega þó svo að lögð sé einnig mikil áhersla aðra þætti svo sem læsi. Lögð er áhersla á að vinna út frá námi í gegnum leik því í leik þjálfast vitrænir og skapandi þættir s.s. tungumál, hreyfiproski, tilfinninga- og félagsþroski. Á deildinni eru 3 starfsmenn. Aðlögunin gekk vel með smá hikstum en síðan hefur skólaárið runnið áfram og deildarstarf og starfsmanna mál hafa verið mjög góð, góður andi er inná deildinni. Miklar mannabreytingar munu eiga sér stað á Skeljadeild fyrir komandi haust og því ákveðið að búa ekki til umbótaþætti fyrir komandi vetur fyrr en nýr deildarstjóri tekur við.

6.1 Endurmat 2022-2023

Umbótaþáttur: Námsumhverfi

Markmið með umbótunum var að gera deildina betri fyrir börnin. Gera allan efnivið fyrir börnin aðgengilegan og í þeirra hæð. Starfsfólkið breytti deildinni mjög mikið, var mikið af efnivið ekki í hæð barnanna, hann var færður niður og er núna greiður aðgangur að öllum efnivið. Ekkert er geymt nú upp í gluggum fyrir utan einn glugga. Honum hefur verið skipt í þrjá hluta sem listaglugginn þar eru blöð, málning og annarskonar hlutir geymdir, ekki aðgengt börnunum nema undir handleiðslu kennara.

Starfsmannahópurinn var mjög duglegur að ígrunda og ræða öll mál deildarinnar, hvað væri hægt að breyta og bæta, voru allir starfsmenn duglegir að koma með uppástungur. Voru reglulegir, stuttir, deildarfundir haldnir þar sem starfsfólk var hvatt áfram að tala með opnum og heiðarlegum hug.

7 Innra mat, Regnbogaland

Regnbogaland er á starfsstöð Miðborgar við Njálsgötu 70 og voru börn á aldrinum 4ja-5ja ára þetta starfsárið. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða málörvun og læsi. Byggt er á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin eru einstaklings – og hópverkefni sem styðja börnin í því að vinna saman. Megin áherslan okkar á Regnbogalandi hefur verið læsi og mikil vinna með máhljóð Lubba.

7.1 Endurmat apríl 2022-2023

Matartími/sjálfs hjálp

Undirbúningur hófst á heimsókn deildarstjóra á leikskólann Rauðhól til að kynna sér matarstefnuna þar og sjá hana í verki. Jafnframt fóru allir kennarar í heimsókn á Njálshöll og fylgdust með í matartíma. Við byrjuðum síðan með því að innleiða hverja matarstund eftir aðra. Við byrjuðum á kaffinu (síðdegishressingunni), tókum svo morgunmatinn og að endingu hádegisverðinn.

Í upphafi notuðum við stórt borð í miðrými deildarinnar. Matnum var raðað á borðið og börnunum boðið að gjöra svo vel. Þau tóku sér diska og fengu sér sjálf, það sem þau vildu og gengu með diskinn sinn að borðinu. Með þessu fyrirkomulagi skapaðist kapphlaup, glundroði og spennan. Smám saman þróaðist verkefnið í þá átt að matarskálarnar fluttust yfir á borðin, þar sem börnin mötuðust. Það gerðist nokkurn veginn sjálfkrafa og var til mikilla bóta fyrir verkefnið. Á hverju borði sátu fjögur til fimm börn og voru saman um eina matarskál í staðinn fyrir fjórtán börn í upphafi að berjast um að komast að matnum.

Börnin eru enn að læra að tileinka sér skömmtun eftir magamáli. Yfirhöfuð gengur það vel. Núna sjáum við hvernig eldri börnin eru að leiðbeina hinum yngri og þau minna hvert annað á, til dæmis að fylla ekki glasið sitt upp að brún. Að sjálfsgöðu höldum við ótrauð áfram með þetta verkefni, sem er orðinn órjúfanlegur hluti af okkar daglega starfi.

7.2 Umbótaþættir 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Umhverfislæsi í víðum skilningi	Að börnin nái að þekkja sitt nánasta umhverfi, að beina athyglinni að hlutum í umhverfinu og vikka sjóndeildar hringinn.	Okkar megin verkfæri verða vettvangsferðir í litlum hópum (fimm til sex börn í hóp). Málhljóðaverkefn i Lubba verður einn af rauðu þráðunum í gegnum verkefnið. Börnin verða hvött til að taka eftir stöfum í umhverfinu, bæði manngerðum og frá náttúrunnar hendi. Börnin fá að kynnast helstu kennileitum í nánasta umhverfi, til dæmis bókasafnið, Listasafn Einars Jónssonar, Klambratún og fleira.	Allir starfsm enn taka þátt í verkefni nu.	Sept. 2023	Vor 2024	Reglulegir fundir og endurmat með börnunum, farið yfir hvað við sáum, hvað við lærðum og fleira	Að auka öryggi barnanna í umhverfi sínu, að þau séu fróðari um umhverfi sítt og geti sagt frá því



8 Innra mat, Krílakot

Krílakot er á starfstöð Miðborgar við Njálsgötu 70 og eru börnin skólaárið 2022-2023 á aldrinum 1-3 ára. Á Krílakoti vinnum við með flæðisstundir fyrir hádegi þar sem boðið er upp á einingakubba, listasmíðju og hreyfingu. Yngstu börnin á deildinni fara í hópastarf 1x í viku í könnunarleik og eldri börnin fara í spilahópa 1x í viku. Í könnunarleiknum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi.

Samverustundir eru á hverjum degi, börnunum er skipt upp í tvo hópa m.t.t. aldurs og þar er lögð áhersla á að syngja, lestur bóka og spjall. Útivera er á hverjum degi ef veður leyfir þar sem börnin geta notið sín í frjálsum leik. Unnið er með mánaðarþemu leikskólans á Krílakoti.

Öll börnin fara í Lubbastund 1x í viku og hvert máhljóð er tekið fyrir í 2 vikur.

8.1 Endurmat

Sjálfs hjálp í matartíma og flæði í drekkutíma.

Markmiðið var að auðvelda börnum að bjarga sér sjálf við að matast og frágang eftir matartíma til að efla sjálfs hjálp og sjálfsöryggi þeirra. Í dag ganga börnin sjálf frá eftir sig í morgunmat, hádegismat og drekkutíma og hefur gengið mjög vel. Stöku sinnum fá þau aðstoð við frágang t.d. þau yngstu þegar að súpa er í matinn eða börn sem ekki eru farin að ganga.

Okkur hefur ekki tekist að tileinka okkur flæði í kaffitíma, hefur verið erfitt að koma því við m.a. v/plássleysis. Við höfum lagt frekar uppúr því að sitja í rólegheitum með börnunum til borðs og ýta undir málörvun.

Tækifæri til úrbóta.

Þar sem að stór hópur barnanna verður áfram næsta haust og börnin að eldast viljum við leggja áherslu á meiri sjálfs hjálp sérstaklega hjá eldri árgöngum deildarinnar þ.e að þau skammti sér sjálf matinn, fái hnífa og litlar vatnskönnur svo þau geti bjargað sér betur sjálf.

Útivera og umhverfislæsi

Áhersla er lögð á útiveru á Krílakoti og markmiðið var að börn njóti hennar og verði læs á umhverfi sitt. Einnig var markmiðið að efla fegurðarskyn barnanna.

Við höfum lagt áherslu á hin ýmsu hugtök varðandi veðurfar, dýr, plöntur, klæðnað og árstíðir t.d. með lestri bóka, söngvum, útiveru og spjalli. Við höfum einnig lagt áherslu á göngutúra um nærumhverfið með eldri börnunum.



Við höfum unnið verkefni er tengjast umhverfislæsi t.d. að gróðursetja fræ, mála og leika með snjó inni, vinna með jarðleir, búa til myndir úr bláberjum, vinna með stóra klaka, fylgst með krummalaupnum í beinni útsendingu o.fl.

Tækifæri til úrbóta

Með eldri börnunum langar okkur að nota meira hugarkort t.d. tengt göngutúrum og prófa að fara með þau í strætó. Eins langar okkur að fara í göngutúra þar sem við leggjum áherslu t.d. á að skoða hús barnanna á deildinni. Nú þegar að elstu börnin eru orðin vön göngutúrum langar okkur einnig að fjölga aðeins börnunum sem fara í hvert sinn í ferðir. Byrja svo að fara í stuttar ferðir með yngri börnin um nánasta nærumhverfi.

8.2 Umbótaþættir 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfs hjálpi í matartíma	Auðvelda börnum að bjarga sér sjálf við að matast og frágang eftir matartíma. Efla sjálfstæði, sjálfs hjálpi og sjálfsöryggi	Leggja áherslu á sjálfs hjálpi barnanna með því að bæta aðstöðuna t.d. með því að fá litlar vatnskönnur og hnífa. Hvetja börnin í að skammta sér sjálf og ganga frá eftir sig	Deildastjóri. Allir taka þátt	08.2 3	05.2 4	Símat á deildarfundum, skráð í fundarbók hvernig gengur og yfirfarið reglulega..	Að auka sjálfs hjálpi barna þannig að þau verði sjálfstæðari í að ganga frá eftir sig og bjarga sér við matarborðið.
Útivera og umhverfislæsi	Að börn njóti útiveru og verði læs á umhverfi sitt. Efla fegurðarskygn.	Kenna ýmiss hugtök s.s. um veður, dýr, plöntur og árstíðir. Göngutúrar með eldri börnum á deild og fara með fleiri	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	08.2 3	05.2 4	Símat á deildarfundum og skráningar í bláu bókina (ferlibækur barnanna)	Að börnin læri orðaforða varðandi umhverfi og verði læs á það. Börnin sýni öryggi í útiveru.



		<p>eldri börn í einu í ferðir. Vinna betur með göngutúran a þegar að komið er til baka t.d. með hugarkortu m. Styttri göngutúrar fyrir yngstu börnin um nærumhver fið sitt. Leggja inn hugtök er varða fatnað m.t.t. veðurfars. Lesa bækur og syngja. Kennarar séu virkir í útiveru</p>					<p>Börnin noti hugtök í leik, sköpun og samtali og sýni frumkvæði og forvitni um efnið.</p>
--	--	---	--	--	--	--	---



9 Innra mat sérkennslu

Við leggjum ríka áherslu á skóla fyrir alla og að komið sé á móts við þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að öll börn séu hluti af heild og fer því sérkennslan að mestu leiti fram inn á deildum og með barnahópnum. Við teljum nauðsynlegt að setja sig inn í hugsunarhátt og skipulag skóla fyrir alla svo það gangi sem best að koma til móts við þarfir allra barna.

Endurmat 2022-2023

Innleiðing á TRAS hefur gegnið vel. Þrjú deildarstjórar sóttu námskeið sem og tveir almennir starfsmenn á deildum en fyrir voru sérkennslustjóri, einn deildarstjóri og verkefnastjóri fjölmenningar með réttindin. Skráningar voru því gerðar Krílakoti, Regnbogalandi, Kuðungadeild og Skeljadeild síðastliðinn vetur. Ánægja hefur verið hjá þeim sem sóttu námskeiðið og sinntu skráningum og verður þessi umbótaþáttur því áfram inn í umbótaáætlun til að fleiri skæki sér réttindi.

Innleiðing á EFI-2 gekk vel. Sérkennslustjóri sá um að raða niður öllum börnum á þriðja ári í aldursröð og leggja fyrir EFI-2 þegar börnin urðu 3,6 ára (eldra aldursbili). Talmeinafræðingar á Vesturmiðstöð voru hæst ánægðir með að EFI-2 væri tekið í gagnið í leikskólanum. Þeirra von er þó að EFI-2 verðir lagt fyrir líkt og HLJÓM-2 sem sagt á haustönn og á vorönn. Fyrirhugað er að Vesturmiðstöð haldi EFI-2 námskeið fyrir kennara svo starfsfólk deilda geti lagt EFI-2 fyrir. Verður þessi umbótaþáttur því áfram inn í umbótaáætlun.

9.1 Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð fyrir fram og aðlöguð að hverju barni. Markmiðaáætlun var gerð í samráði við foreldra, deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa. Haldnir reglulegir teymisfundir . Þau sem sinna sérkennslu halda úti vinnudagbók . Teknar myndir, skráningar, atferlisíhlutunskráningar . Einstaklingsáætlun/dagskipulag unnið eftir ákveðnu skipulagi þar sem fram kemur hvaða þroskaþætti er verið að vinna með. AEPS listi er fylltur út með reglulegu millibili. Bláa bókin/ferlimappa
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Smábarnalistinn Íslenski þroskalistinn Orðaskil AEPS matslisti EFI-2 tekið af öllum 3,6 ára börnum



	HLJÓM-2 tekið af öllum börnum í elsta árgangi Snemmtæk íhlutun málörvun tveggja til þriggja ára barna (Bjargir) TRAS
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Bækur Myndir Spil ýmis konar Lærum og leikum með hljóðin Ljáðu mér eyra Markviss málörvun Orðagull Fjölnota límmiðabækur Fjölnota vatnslitabækur Lubbi finnur málbein Peltor Myndrænt dagskipulag PECS myndir Tákn með tali Ipad Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka Widget online Ýmis efniviður sem til er í leikskólanum

9.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TRAS	Skráninga rlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku og félagsþroska 2ja-5 ára barna	Þeir deildarstjórnarar sem eiga eftir að fara á námskeiðgeri það.	Sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Deildarstjóri fyllir út TRAS fyrir öll börn deildarinnar.	Skráninga rlisti til að skima eftir fráviku í mál- og félagsþroska barna með snemmtækri



							íhlutun í huga.
EFI-2	Að finna þau börn sem eru með frávík í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávík.	Sérkennslustjóri og/eða deildarstjórar fara á námskeið	Sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Sérkennslustjóri og/eða deildarstjóri skima börn 3,6 ára. Ef niðurstöður vekja grun um frávík og þörf er á frekari greiningu fagaðila og/eða ráðgjöf til foreldra eru niðurstöður notaðar til stuðnings.	Skimun á mál-skilningi og mál-tjáningu barna á 4. ári.



10 Innra mat – fjöltyngd börn

Markmið Miðborgar er að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms. Til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda er fjölbreyttum kennsluáðferðum beitt þar sem áhersla er lögð á þátttöku allra nemenda. Til þess að meta getu, styrkleika og áhugasvið barna er margvíslegum matstækjum beitt. Matstæki svo sem TRAS, Hæfnirammur fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Hljóm-2 eru nýtt til þess að meta stöðu og hæfni nemenda og þar með er hægt að sjá hvort eða hvernig þurfi að grípa inn með frekari hætti. Eins er Gefðu 10 sterkt verkfæri þar sem markviss notkun leiðir af sér betri þekkingu og skilning á styrkleikum, áhugasviði og getu barna.

Til þess að börn nái tókum á máli þurfa þau samvistir við fullorðna og börn, þau þurfa að heyra málið og fá tækifæri til að nota það til að læra. Starfsfólk þarf því að nýta öll tækifæri sem gefast í daglegu starfi til að hvetja til samskipta og málörvunar. Þetta fæst meðal annars með því að setja orð á alla hluti og allar athafnir í daglegu starfi og leik barna. Miðja máls og læsis hefur gefið út afgang frá fræðslu um gæðamálörvun í daglegu starfi sem hefur verið kynnt öllu starfsfólki og áhersla verður lögð á að nýta þær aðferðir sem þar eru kynntar og festa þær í sessi í daglegu starfi leikskólans. Vel hefur gengið að innleiða notkun Hæfnirammanna síðastlíðinn vetur og stefnt er að því að halda áfram með þá vinnu svo matstækið verði fastur liður í mati á stöðu og framförum fjöltyngdra barna. Deildarstjórar eru almennt sammála um að hæfnirammarnir séu sterkt matstæki til að sjá framfarir hjá fjöltyngdum börnum sem og verkfæri sem nýtist í að sjá hvaða börn gætu hugsanlega þurft á frekari aðstoð að halda og þar af leiðandi hægt að grípa fyrir inn. Gefðu 10 er notað á sumum deildum en ekki hefur náðst að innleiða það á öllum deildum enn. Vinnan með hæfnirammanna hefur þó sýnt að Gefðu 10 sé gott verkfæri til þess að fylgjast betur með stöðu og framförum allra barna í leikskólanum.

Vel hefur gengið að innleiða námsefnið Lubbi finnur málbein og er það komið í notkun á öllum deildum skólans og það ríkir almenn ánægja og þeirri vinnu verður haldið áfram. Ekki hafa allir starfsmenn farið á námskeið en stefnt verður að því að finna fræðslu fyrir starfsmenn um námsefnið. Í vetur var komið á fót Lubbateymi þar sem einn frá hverri deild, ásamt verkefnastjóra fjölmenningar, vinna saman að því að deila upplýsingum og fræðslu til hvers annars og annarra starfsmanna leikskólans um námsefnið og hvernig hægt sé að vinna með það og þannig skapa lærdómssamfélag innan leikskólans.

10.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er nýtt til að mæta ráðningu verkefnastjóra fjölmenningar í 50% stöðugildi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Á öllum deildum er áhersla lögð á að setja orð á alla hluti og daglegar athafnir til þess að börn læri að þekkja málið. Einnig er verið að vinna með Gefðu 10 á nær öllum deildum og stefnt er að því að Gefðu 10 verði fastur liður í starfi allra deilda.



Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru nýttar til málörvunar á öllum deildum. Sögu- og söngstundir eru á hverjum degi til þess að dýpka og auka orðaforða barna á fjölbreyttan hátt með máli og myndum. Einnig er unnið með minni hópa í málörvun inni á deildum með því t.d. að spila, lesa bækur og spjalla.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við málhluta TRAS og HLJÓM-2 til að fylgjast með stöðu og framförum fjöltyngdra barna, einnig hafa Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla verið innleiddir í leikskólanum. Unnið verður áfram að því að festa þá í sessi og veita stuðning við notkun þeirra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er hugað að öllum þessum þáttum á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi með styrkleika og getu barna í huga.

10.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Hæfnirammar	Auðvelda mat á stöðu og framförum fjöltyngdra barna í íslensku máli	Að hæfnirammar verði útfylltir fyrir öll fjöltyngd börn í Miðborg	Verkefnas tjóri fjölmennigar og deildarstjórar	Haus t 2023	Vor 2024	Matslistar og skráningar	Betri færni fjöltyngdra barna í íslensku
Gefðu 10	Að auka samskipti og samræður við fjöltyngd börn sem eru að	Vinna markvisst með Gefðu 10 á öllum deildum leikskólans	Allir starfsmenn	Haus t 2023	Vor 2024	Gátlistar og skráningar	Betri færni í íslensku og betri þekking á stöðu og framförum



	læra íslensku						fjöltýngdra barna. Aukinn skilningur á félagslegri stöðu barna og færni.
Lubbi finnur málbein	Fara markvisst í hljóðaná m barna og geta þannig séð ef frekari inngripa er þörf	Vinna með Lubbi finnur málbein markvisst á öllum deildum og aðlaga að getu, áhuga og styrkleika hópa. Fá fræðslu fyrir starfsmenn sem ekki hafa fengið námskeið áður.	Verkefnastjóri fjölmennigar og Lubbateymi	Haus t 2023	Vor 2024	Skráningar	Betri færni í íslensku og betri þekking á stöðu og getu fjöltýngdra barna
Málörvun	Gera gæðamálörvun að föstum lið í daglegu starfi	Áhersla lögð á gæðamálörvun í daglegu starfi þar sem börn eru umvafin íslensku málumhverfi. Fræðsluefni frá MML til hliðsjónar.	Allir starfsmenn	Haus t 2023	Vor 2024	Skráningar og matstæki	Aukin færni barna í íslensku máli.



11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin fyrstu vikuna í maí. Leikskólastjórar skiptu starfsmannahópnum á milli sín en ræddu sameiginlega við verkefnastjóra fjölmenningar og sérkennslustjóra. Einnig voru tekin stöðusamtöl við deildarstjóra í byrjun desember til þess að fylgja eftir umbótaáætlun deilda og starfi deildanna almennt.

Haldnir voru fimm starfsdagar á tímabilinu, þrjú heilir og tveir hálfir dagar. Í ágúst var sá fyrsti þá var áhersla á undirbúning deilda fyrir komandi vetur. Í september var sá annar honum var varið fyrir hádegi á ráðstefnu um virkni yngstu barna og eftir hádegi með Herdís Storgaard á námskeiði um slysavarnir og fyrstu hjálp. Á þriðja fengum við tvo fyrirlesara og áhersal var lögð á vinnubrögð í fjölmenningarlegum leikskóla. Á fyrsta hálfu starfsdeginum var starfshópnum skipt í elstu og yngstu deildar. Eldri deildar voru á fyrirlestri um flæði í Rauðhól og yngri deildir voru á fyrirlestri hjá Hrönn Pálmadóttur um yngstu börnin í leikskóla. Seinni hálfu dagurinn fengum við fulltrúa frá miðju máls og læsis til að aðstoða okkur við gerð tungumálastefnu innan leikskólans. Síðustu tveir starfsdagarnir voru í lok maí þar sem leikskólinn fór í námsferð til Brighton.

12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skilafundir eru með öllum börnum sem eru að hefja grunnskólagöngu í Austurbæjarskóla.

Samstarfsfundur með Græuborg og Austurbæjarskóla hefur ekki átt sér stað en undanfarin ár hafa börn í fyrsta bekk Austurbæjarskóla og elstu börn leikskólanna hist reglulega yfir leikskólaárið. Gert er fastlega ráð fyrir að þetta samstarf muni vera með svipuðum hætti næsta leikskólaárið.

13 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Vegna dræmrar þátttöku í foreldraráð fyrri ára var ákveðið að fara nýja leið og senda boð um þátttöku í foreldraráð og foreldrafélagið í netpósti. Þátttakan var góð og ákveðið hefur verið að hafa sama háttinn á næsta í september/október 2023.

Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um



allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir jólaskemmtun, sveitaferð og sumarhátíð.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal einu sinni á ári, að hausti eða vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem starfsemi skólans og deildar barnsins er kynnt. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuáðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki. Erlendum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í aðlögun.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og vísýni.



14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2023 - 2024												Nafn skóla: Miðborg	
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ					
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L					
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S					
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M					
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ					
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M					
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 Þ	6 L	6 M	6 F					
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F					
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L					
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 Þ	9 F	9 S					
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 M	10 F	10 M					
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 F	11 L	11 Þ					
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 S	12 M					
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 Þ	13 L	13 M	13 F					
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F					
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L					
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 Þ	16 F	16 S					
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 M	17 F	17 M					
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 F	18 L	18 Þ					
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M					
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F					
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F	21 Þ	21 F					
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L					
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 Þ	23 F	23 S					
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 M	24 F	24 M					
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 L	25 Þ					
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 S	26 M					
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F					
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 S	28 Þ	28 F					
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L					
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S					
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S	31 F	31 F						

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma a.m.k. þrjá starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

15 Fylgigögn

15.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

__Tinna Sigurðardóttir_____ 10.08.2023
Leikskólastjóri Dagsetning

__Ösp Jónsdóttir_____ 10.08.2023
Leikskólastjóri Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind Svansdóttir
Snæbjörn Guðmundsson
Sigrún Jónsdóttir

31



Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar 2023 – 2024

Starfsáætlun Miðborgar fyrir veturinn 2023–2024 er ýtarleg, greinargóð og gefur góða mynd af stefnu leikskólans. Vinnu síðasta árs er fylgt eftir með mati og umbótaáætlun fyrir næsta ár og er stefna og markmið allra deilda lögð skýrt fram með áhersluatriðum og því sem sérstaklega verður þróað áfram á komandi vetri. Flæði í leik, hugmyndir um lýðræði og þátttöku barna á eigin forsendum eru enn fremur grundvallarliðir í starfsáætlun Miðborgar og kallast vel á við meginlýðræðishugmyndir samfélagsins eins og þær koma t.d. fram í heimsmarkmiðum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemin á Miðborg er af augljósum ástæðum flókin þar sem starfsemin er á þremur mismunandi stöðum og felur það í sér krefjandi verkefni í samræmingu og uppbyggingu á hverjum stað fyrir sig. Úr því er leist á faglegan hátt í starfsáætluninni.

Unnið hefur verið í því með virkum hætti að virkja foreldra til þátttöku í gegnum foreldraráð og foreldrafélagið. Upplýsingagjöf til foreldra hefur verið góð, bæði í gegnum tölvupósta, Völu og í foreldrasamtölum þótt enn megi þar bæta eins og við er að búast og rætt er í starfsáætluninni.

Starfsáætlunin er með umsögn þessari samþykkt af hálfu foreldraráðs Miðborgar.

fyrir hönd foreldraráðs:

Berglind Svanselötnir

BS

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



